



453. Stjórnarfundur haldinn 10. september 2015 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS),
Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Már Bragason (BMB).

Fjarverandi: Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Birgir Ingibergsson (BI) og Sveinn Adolfsson (SA).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ v/49.sambandsþings UMFÍ ásamt kjörbréfi. **Móttekið.**

Bæklingur frá KPMG „Sköpum saman frábæra framtíð“. **Móttekið.**

Tölvupóstur frá Guðmundi Árnasyni v/námskeiða í Nora kerfinu. **Móttekið og athuga með að halda námskeið hjá okkur.**

Tölvupóstur frá Blátt Áfram v/námskeiða. **Móttekið.**

3. Send bréf.

Tölvupóstur sendur á Svan Þ. Mikaelssonar v/umsóknar um styrk.

4. Keflavíkurdagurinn.

Keflavíkurdagurinn verður haldinn 12. september í íþróttahúsinu við Sunnubraut frá kl. 13:00 – 15:00. EH er búin að hengja upp plaköt í skólum, íþróttamannvirkjum og verslunum í Reykjanesbæ. Birgir Már Bragason er formaður nefndarinnar.

5. 49. Sambandsþing UMFÍ Vík í Mýrdal 17. – 18. október 2015.

49. Sambandsþing UMFÍ verður haldið í Vík í Mýrdal 17. – 18. október 2015. Kjörbréf liggur fyrir. Keflavík á tíu þingfulltrúa. Búið að panta 5 tveggja manna herbergi. Stjórnarmenn gefi svar hvort þeir eigi möguleika á að sitja þingið á næsta stjórnarfundum.

6. Jólblað Keflavíkur.

EH óskaði eftir uppástungum um aðila til að vera í opnuviðtalinu. Nafn XXXXX kom upp og var það samþykkt. **Framkvæmdastjóra falið að ræða við XXXXX.** Skoða með hvern við fáum til að taka viðtalið.

7. Önnur mál.

Afrit af samningi knattspyrnudeildar og LÍ lá fyrir.

Umræður um að setja K-merki á veggina í A-sal og fána uppi á vegg í áhorfsvæðinu.

Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

EH sagði frá því að búið væri að endurnýja sjónvarpsmagnara fyrir sjónvörpin í félagsheimilinu.

EH sagði frá þeirri hugmynd að setja upp myndavél í A-sal sem yrði varpað á tjaldið í sal tvö til að þeir aðilar sem eru að vinna á leikjum körfunnar geti fylgst með leiknum. Þetta eru jú sjálfboðaliðar sem vilja geta séð leikinn lagði. Svona búnaður mynd kost ca. þrjátíuþúsund krónur.

Framkvæmdastjóra falið að vinna frekar í málinu.

Formaður og framkvæmdastjóri verður í frí frá 11. – 21. september 2015.

EH mætti í 80. ára afmæli Reynis í Sandgerði og færði þeim stein með klukku í.

Styrkur frá Öryggismiðstöðinni vegna skoðunar á öryggis- og brunakerfi Hringbrautar 108.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:10

Næsti stjórnarfundur 24. september kl.18:00

Fundinn ritaði BS.

